

AUGLÝSING um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafnings-hrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag Sólheima, endurskoðun.*

Endurskoðun deiliskipulagsins sem byggir á eldra skipulagi og breytingum á því gerir ráð fyrir að reist verði 16 ný íbúðarhús, heilsugarður, atvinnuhúsnæði á fjórum lóðum, 5 gróðurhús, 2 vinnustofur auk viðbygginga við nokkur hús. Einnig er verið að samræma heiti og númer lóða innan svæðisins.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. maí 2015.

2. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Hagavíkur, reitur B.*

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir þremur frístundalóðum og eru mannvirki á tveimur þeirra. Heimilt er að reisa frístundahús, auk geymslu, svefnhús eða gróðurhús innan lóðar 1 og 2. Nýtingarhlutfall er 0,03. Hámarksstærð húss á lóð 1 er 270 m^2 og lóð 2 150 m^2 og hámarks-hæð 6,5 m. Hámarksstærð aukahúss er 60 m^2 og hámarkshæð 4 m. Lóð 2 er sameiginlega nýtt af hinum lóðunum tveimur fyrir bátalægi og vatnstöku.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. ágúst 2015.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 27. október 2015.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2015